

# HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1909.

4. blað.

## GLEÐILEG JÓL!

Jóliu eru mesta gleðihátíð ársins, eða það hafa siðir og venjur að minsta kosti gert þau á meðal vor Íslendinga.

Hvers vegna fagna menn altaf jólunum, ungir og gamlir?

Það má óhætt fullyrða að hjá fjöldanum eigi jólafögnuðurinn næsta lítið skylt við trúarskoðanir, heldur sé blátt áfram fögnuður yfir lífsgæðum, verulegum eða ímynduðum, sem menn þá verða aðnjótandi.

Líklega er ekkert til sem veitir mönnum jafnmikið af saklausri og innilegri gleði og það sálarástand, sem nefnt er samhygð. Samhygð þýðir, að vera hluttakandi í kjörum annara, að gleyma sjálfum sér og sínum eigin högum af umhugsun um það sem myndar hagi og kringumstæður þeirra, sem í kringum mann eru.

Í daglega lífinu er oft lítið af samhygð. Baráttan fyrir tilverunni, eins og henni er yfirleitt farið snýr huga einstaklingsins að honum sjálfum og því sem hans eigin hagi myndar. Menn hafa lítinn tíma til að hugsa um nokkuð annað en þessi vanalegu skyldustörf, sem hjá flestum eru á einhveru hátt það sama og að afla sér nauðsýnja lífsins.

En um leið og hugurinn lyftist upp frá hversdagsstritinu og baráttunni gerir samhygðin vart við sig; þá verður hluttekningin meiri á allan hátt. Vér þurfum ekki annað en að sjá eitthvað óvanalegt þera að höndum til að sannfærast um það.

Um jólin leggja flestir hversdagsstörfin, og að einhverju leyti líka hversdagshugsunarháttinn til síðu. Menn hafa þá stundarhlé til að lyfta huga og hjarta upp yfir hið algenga og vanalega, og njóta lífsins með öðrum í nýrri mynd. Með öðrum orðum : jólin auka samhygðina; lífið verður alt í einu bjartara og gleðiríkara vegna þess að hugurinn beinist út á við, til þeirra, sem með eru á lífsleiðinni.—Þess vegna fagna menn komu jólanna.

Enginn maður, sem sögur fara af hefir kent mönnum samhygð og kærleik eins og Jesús. Á hjátrúarfyllri og illa upplýstri öld gerðu menn hann að guði, sem átti að hafa dáið fórnardauða fyrir syndir heimsins. Síðan færði kyrkjan hátíð, sem afar lengi var búin að eiga sér stað yfir á ímyndaðan fæðingardag hans, og upp frá því var hún látin heita fæðingarhátíð hins krossfesta Krists, sem með dauða sínum átti að hafa frelsað mennina.

Kristur kyrkjunnar er ein af þeim hugmyndum manna sem vara á meðan skilyrði þeirra eru fyrir hendi og hverfa síðan. Á bak við hugmyndirnar er hinn hugsandi maður. Það sem varir er viðleitnin og vaxandi möguleikar til að hugsa sannari og göfugri hugsanir, en hver hugsun út af fyrir sig er eðlilega breytingum háð.

En eitt er það sem deyr aldrei, hið lifandi eftirdæmi, sem sem hinir beztu og sönnustu menn skilja eftir í heiminum. Það líf, sem að maðrinu Jesús, er var fæddur og uppalin í Nazaret á Gyðingalandi, óþektur mestan hluta æfi sinnar, lifði hefir enn í dag gildi fyrir oss, vegna þess að það var líf fult af kærleik og samhygð til manna.

Höldum þá jólahátíðina til minningar um, ekki einu mann, heldur um alla þá sem hafa reynt að efla kærleika, frið og sam-

hygð á jörðunni. Gerum hana að fagnaðarhátféð í þeim skilningi. Með því að komast sjálfir sem næst hugsjóninni í breytninni verður hátféðarhaldið þýðingarmest og best fyrir oss.

GLEÐILEG JÓL!

## IMMANUEL KANT

Útdráttur úr fyrirlestri, sem fluttur var á Menningarfélagssundi Október, 1909, af Guðm. Árnasyni.

### *Framhald*

Þessi sundurliðun hugsananna í hugmyndaflókka er til þess að sanna hin meðfæddu lög skynseminnar, sem maðurinn verður að hugsa samkvæmt. En nú eru allir hugmyndaflökkarnir sameinaðir í eina heild í skynseminni. Það sem sameiningu þessari veldur er sjálfsmeðvitund eða *ég* hvers einstaklings. Í raun og veru er það sem hver maður kallar sitt *ég* ekkert annað en skynsemi hans í heild sinni. En ef nú öll þessi lög, sem skynsemin verður að starfa samkvæmt til þess að geta eignast þekkingu, sem ekki er sífeldum breytingum undirorpin, eru hvergi til nema í skynseminni, þá er auðsætt að það er skynsemin, sem að hálfu leyti skapar heiminn. Heimurinn eins og vér þekkjum hann er heimurinn eins og skynsemin skynjar hann, og hann er undir hennar lögum. Það eina sem vér, þess vegna, getum vitað um heiminn er það að hann er skynseminnar heimur; hlutirnir fyrir utan oss eru það sem skynsemin gerir úr þeim, þeir eru fyrirburðir (Phenomena) en hvað þeir eru í sjálfu sér, nefnilega veruleikinn í þeim ósteyptur í móti skynseminnar, getum vér ekki vitað, en eitthvað eru þeir samt sem áður, vegna þess, að skynsemin hlýtur að fá efni sitt utan að, það býr hún ekki til sjálf.—Hlutirnir sjálfir, heimurinn eins og hann er áður en mannleg skynsemi býr til úr honum sinn heim, það sem Kant kallar: "das Ding an sich" er hið óþekta og óskynjanlega (Noumena).

Sú tegund skynseminnar, sem er fyrir ofan dómgreindina eða hinn fullkonnasti skilningur býr til skoðanir eða hugmyndir (Ideæn) úr efni því, sem skynjun og dómgreind láta í té. Það eru til þrjár þessar hæstu skynsemis hugmyndir: heimurinn, sálin og guð. Undir þær heyrir á einhvern hátt allt það sem til er. Hinn ytri heimur er skynjaður í tíma og rúmi og þannig verða til fyrirburðir, sem skilningurinn flokkar niður samkvæmt vissum reglum; síðan sameinar hin hæsta skynsemi þessi brot sem nú eru orðin að þekkingar atriðum í eina heild og sú heild er heimurinn. Á sama hátt sameinar hún allt það sem hinu innra lífi tilheyrir og myndar þannig einhverskonar hugmynd um sálina; og að síðustu með því að skoða allt frá sjónarmiði, sem ekki er takmarkað við neina eina hlið myndast hugmyndin um guð. En hvað eru þessar hugmyndir hinnar hæstu skynsemi? Þær eru nákvæmlega það sama og tími, rúm og allt annað sem skynseminni er eiginlegt. Það er ómögulegt að sanna að heimurinn, sálin og guð sé til alveg fráskilin skynsemi mannsins. Þetta eru hugsana einingar, sem allar ytri og innri sannreyndir falla saman í. En einingar þessar hafa ekkert af innihaldi sannreyndanna. Með öðrum orðum: heimurinu, sálin og guð eru skoðanir mannlegrar skynsemi, og það er ómögulegt að komast að nokkurri annari vissu þeim viðvíkjandi.

Hér byrjar gagnrýni Kants á hinn eldri heimspeki. Hann sýnir fram á, að með staðhæfingum sínum um veruleika fyrir utan svið mannlegrar skynsemi hafi heimspekingarnir svikið sjálfa sig, eins og börn, sem ímynda sér, að vegna þess að þau sjá loft og jörð koma saman við sjóndeildarhringinn hljóti að vera hægt að þreifa á hinn bláu himinhvelvingu sé aðeins nógu langt gengið.

Fyrirrennarar Kants höfðu haldið fram að sálin væri einfalt óskynjanlegt efni, sem héldi áfram að vera til eftir dauðann. Með einföldu efni áttu þeir við sérstæðan veruleika, sem ekki hefði neinn af eiginleikum hins vanalega efnis. Descartes hafði reynt að sanna svona lagaða tilveru sálarinnar með því að taka sem sjálfsannaða þessa setningu: "ég hugsa þess vegna er ég." Það að ég hugsa sannar, að það er eitthvað til á

undan hugsuninni, sem hugsar, og þetta sem hugsar er sálin. Kant sýndi fram á að hér væri tvennu ólíku blandað saman. *Ég* í setningunni: ég hugsar, er óaðskiljanlegt frá hugsuninni, það er hvergi til nema í athöfninni að hugsar. Að skilja það frá athöfninni sjálfri og setja það andspænis hinu hugsandi *ég* er, frá Kants sjónarmiði jafn heimskulegt og að segja t.d. að tíminn sé sjáanlegur. Sál heimspekinganna er alt annað en hið hugsandi *ég*; hún á að vera þetta *ég* en er það ekki, vegna þess, að um leið og það er fráskið þeirri einu athöfn, sem gefur meðvitund um það er ómögulegt að sanna að það sé til; og þá um leið jafn ómögulegt að sanna að það sé ódauðleg sál.

Á sama hátt sýnir hann fram á að heimspekiskenningar Wolff-Leibniz skólans séu fullar af mótsögnum. Í staðinn fyrir að láta reynzlu þekkinguna nægja hafði sá skóli myndað sér skoðanir, sem áttu að vera óhrekjanlegar, frá sjónarmiði rökfræðinnar og þarafleiðandi ómótmalanlegar Þessar skoðanir eyðileggur Kant á þann hátt að koma með aðrar þeim algerlega andstæðar, en sem má sanna alveg á sama hátt. Aðferð hinna eldri heimspekinga er, frá hans sjónarmiði, röng frá rótum og þarafleiðandi geta skoðanirnar ekki verið óbyggjandi, eins og menn höfðu ímyndað sér. Tilverusönnun Anselms fyrir því að guð sé til, segir Kant, að sé alveg eins og ef fátækur maður hugsaði svona: ég hefi hundrað dali í ímyndun minni, þess vegna hlýt ég líka að hafa hundrað dali í buddunni. Sannanir þær fyrir tilveru guðs, sem bygðar eru á sýnilegum tilgangi í heiminum og skynamlegri tilhögun í náttúrinni, sem mjög mikið voru notaðar af guðfræðingum þeirra tíma, fara sömu leiðina hjá Kant. Þær eru rangar og ógildar, vegna þess að í þeim er stigið frá hinu þekkjanlega yfir til hins óþekkjanlega; en það er spor, sem að skynsemin getur aldrei eðli sínu samkvæmt stigið. Siðferðis sönnunin svo nefnda er frá sjónarmiði skynseminnar jafn haldlaus og hinar. En samhliða hinni hreinu skynsemi er til önnur skynsemi, sem hefir annan tilgang, nefnilega hin nyt-sama skynsemi. En áður en byrjað er að athuga hvað Kant meinir með henni er réttast að virða nokknd betur fyrir sér

helstu niðurstöðurnar, sem hann kemst að í "Gagnrýni hinnar hreinu skynsemi."

Reynzlan er uppspretta þekkingarinnar. Skynsemin notar þessa uppsprettu. Á sínu lægsta stigi í skynjuninni tekur hún við óunnnu efni í áhrifum hinnar ytri tilveru á skilningarvitin. Þetta efni steypir hún síðan í sínu eigin móti, sem er rúm og tími. Þannig tilbúið kemur það til þess hluta skynseminnar, sem dæmir og ályktar. Það er nú orðið að hugmyndum, það er að segja, við skynjunina hefir skilningi verið bætt. Ályktanir dómgreindarinnar fara allar fram eftir vissum lögum, sem valda því að þær skiftast í vissa flokka, Hugmyndaflokkarnir eru mót, sem skynsemin lætur þekkinguna en á ný ganga í gegnum. Þegar því er lokið er helmingur þekkingarinnar frá skynseminni sjálfri. en hinn helmingurinn utan að komandi. Báðir þessir helmingar eru jafn nauðsynlegir, hvorugur getur verið til án hins. En þekkingin, sem þannig er fengin og sem er hin eina rétta þekking nær ekki lengra en skynsemin sjálf nær; hún hefir ekkert inni að halda sem liggur fyrir utan takmörk skynseminnar, þess vegna getur maðurinn ekki vitað neitt um það sem skynsemi hans eðli sínu samkvæmt, ekki getur lagt undir sinn dóm, eða ekki verður gert að ályktunum hennar. Starf hinnar hreinu skynsemi endar með þremur alsherjar hugmyndum, sem fela í sér alla hugsun og að síðustu alt, frá sjónarmiði heildarinnar, alheimsins skoðað. Þessar hugmyndir eru það hæsta, sem skynsemin getur framleitt; hún getur eigi án þeirra verið, en það er engin sönnun fyrir að nokkur virkileiki sé til fyrir utan hana sjálfa.

Kant endar "Gagnrýni hinnar hreinu skynsemi" án þess að komast eða vilja komast að nokkurri ákveðinni niðurstöðu um það sem hafði verið spurning allra heimspekinga á undan honum, nefnilega: hvað tilveran sé í insta eðli sínu og hvernig hún sé til orðin. Hin eina spurning, sem hann spyr er: hvernig hugsum vér og þekkjum vér? Og þessari spurningu svarar hann öðru vísi en allir höfðu gert á undan honum síðan á dögum Sókratesar, og byrjar með því nýtt tímabil í sögu heimspekinnar.

Sjö árum eftir að “Gagnrýni hinnar hreinu skynsemi” kom út birtist “Gagnrýni hinnar nytsömu skynsemi”. Það eru til mjög skiftar skoðanir um það hvor þessara bóka sýni hinn verulega Kant betur. Sumir halda fram að með þeirri síðari hafi hann viljað bæta upp að nokkru það sem hann eyðilagði með hinni fyrri, nefnilega hinar viðteknu heimspekis—og trúarskoðanir; aðrir fullyrða að í hinni síðari komi hin verulega sannfæring Kants engu síður í ljós en í hinni fyrri. Í raun og veru er engin ástæða til að halda að öðru vísi sé, jafnvel þó að hægt sé að finna mótsagnir í skoðunum þegar báðar bækurnar eru bornar saman, sé alt frá einni hlið skoðað, en það er einmitt það sem Kant ætlast ekki til að sé gert.

Maðurinn er ekki einungis skynsemi gædd vera, heldur einnig *vilja* gædd vera. Kant álitur viljann miklu þýðingarmeiri en skynsemina í lífi mannanna yfirleitt. Skynsemin er takmörkuð á alla vegu af erfðleikum, sem hún getur ekki yfirstigið, viljanum eru allir vegir færir; skynsemin verður að begja sig fyrir efasemdunum, viljinn þekkir engar efasemdir; skynsemin gefur oss engin óbyggjandi sannindi, er ná út fyrir þann heim, sem vér lifum í, viljinn þekkir eilíf og óbyggjandi sannindi. Hvað er nú viljinn, og á hvern hátt er starfsvið hans frábrugðið starfsviði skynseminnar? Frá því skýrir Kant í “Gagnrýni hinnar nytsömu skynsemi.”

Siðferðislög eru annaðhvort lífsreglur, sem einstaklingurinn myndar sér, eða þau eru almenn lög, sem gilda fyrir hvern mann. Í hvert sinn sem einhver lífsregla er menn breyta eftir miðar til þess að auka farsæld eða ánægju þeirra, sem fylgja henni, þá er hún aðeins lífsregla, sem getur verið gagnleg til að ná einhverju því sem menn alment sækjast eftir, en sem þrátt fyrir það ekki getur verið bindandi sem siðferðislögmál fyrir alla. Til þess að geta orðið það má hún ekki á nokkurn hátt miða til þess að uppfylla kröfur manna eða óskir, sem lúta að þeirra eigin vellíðun og hagsæld, vegna þess að allar slíkar kröfur eru á eigingirni bygðar; og eigingirni, í hvaða mynd sem er, er ósamrýmanleg við siðferðislög þau, sem eiga að gilda jafnt fyrir alla menn. Siðferðislögin verða þess vegna að vera laus við alt

það sem vilji mannsins girnast. Þau eiga að vera reglur, sem viljinn verður æ og æfnlega að fylgja, og hann á ekkert að girnast sem er þannig í eðli sínu að með því að öðlast það verði hann að breyta öðru vísi en þessar reglur mæla fyrir.

Allir menn með heilbrigðri skynsemi geta vitað hvaða lífsreglur eru hæfar til að verða að almennum siðferðislögum, og hverjar ekki, með því að reyna þær á mjög einfaldan hátt. Kant útskýrir þetta með eftirfarandi dæmi: Gerum ráð fyrir að ég hafi gert það að lífsreglu minni að auka efni mín á allan mögulegan hátt. Nú hefi ég fé með höndum, en eigandi þess er dáinn og hefir ekki skilið eftir nein skýrteini um að ég hafi peningana. Náttúrlega er hér tækifæri fyrir mig til að nota lífsreglu mína. Nú vil ég vita hvort þessi regla getur gilt sem almenn siðferðislög. Eg nota hana þá í þessu tilfelli, og spyr hvort hún geti haft alment gildi, hvort hægt sé að gera hana að eftirfylgjandi almennum lögum: hver maður getur neitað að hann hafi annara fé með höndum ef enginn getur sannað að hann hafi veitt því móttöku. Eg hlýt að sjá strax að þessi lífsregla væri ómöguleg sem almenn lög, hún ónýtti sjálfa sig, vegna þess að afleiðing hennar yrði sú, að enginn tryði öðrum fyrir fé sínu til geymslu. Siðferðislög geta þá aðeins þær lífsreglur orðið, sem eru viss mælikvarði fyrir breytni hvers manns undir hvaða kringumstæðum sem er. Þann mælikvarða getur hver maður fundið með því að spyrja sjálfan sig að hvort að aðferð sú, sem hann notar sé aðferð, sem má notast af öllum án þess að möguleikarnir til að nota hana eyðileggist.--Grundvallarregla hinnar ómengudu nytsömu skynsemi er: Breyttu altaf þannig, að grundvallaregla vilja þíns hafi fult gildi sem undirstaða til almennra laga.

Aðeins í þessari löggefandi mynd sinni geta lífsreglurnar orðið bindandi fyrir viljann. En nú eru þær ekki byggðar á skynjun og reynzlu, heldur eiga sér stað aðeins í skynseminni. Af því leiðir að þær koma ekki undir lög orsaka af og afleiðinga, því þau lög ná aðeins út yfir það, sem er skynjanlegt. Fyrst viljinn og siðferðislögin tilheyra ekki þeim hlutum, sem koma undir lög orsaka og afleiðinga, hlýtur viljinn að vera frjáls; vilji,



sem hefir lífsreglurnar aðeins í löggefandi mynd fyrir lög er frjáls vilji. Þetta virðist fljótt á litið vera mótsögn. En Kant meinar að viljinn sé þá frjáls er alt er hann framkvæmir er í algerðu samræmi við skynsemina, vegna þess að aðeins þá er viljinn ekki undir yfirráðum neinna hvata eða tilhneinginga. Lög skynseminnar eru frelsi hversu bindandi sem þau eru.

Að fylgja siðferðislögum þeim, sem skynsemin setur er skylda, en það er skylda, sem er alt annars eðlis en skyldur þær, sem stafa af utanað komandi valdboði. Þetta er sjálfstjórn (Autonomie) viljans, og hún er gagnstæð stjórn tilhneiginganna, sem er ekki hin rétta stjórn (Heteronomie). Stjórn tilhneiginganna leiðir til óvissu í því hvað rétt sé og hvað rangt, en stjórn viljans þvert á móti til vissu, sem hver maður getur þekt og sannfærst um. Þess vegna er auðvelt að fylgja valdboði viljans en erfitt að fylgja valdboði tilhneiginganna. Lög skynseminnar eru ákveðin skipun (kategorischer Imperativ) en samt er hlýðni við þau frelsi, vegna þess að alt annað er ófrelsi; og sá sem þeim fylgir lifir samkvæmt manneðli sínu. Þau eru öllum kunnug, því að í hverju tilfelli er hægt að finna þau með einfaldri þrófum lífsreglanna og siðferðis hugsjónanna.

Meðvitundin um gott og ílt getur ekki verið til í huga mannsins á undan siðferðislögmálinu. Gott og ílt verður að skoðast frá sjónarmiði skynseminnar einnar saman, og má því ekki blandast saman við sælu og vansælu, sem eiga rætur sínar að rekja til tilfinninganna. Markmið siðalögmálsins á að vera hin hæstu gæði, og hin hæstu gæði eru innifalin í hinum góða vilja. Að vilja vel er þessvegna hin mesta siðferðis fullkomnun, sem nokkur maður getur náð. Ekkert í heiminum er gott nema góður vilji, segir Kant. Hinn góði vilji verður að dygð hjá þeim manni, sem altaf vill vel, og það er ekkert hærra til en þessi dygð. Sælan á ávalt að miðast við dygðina, hún má aldrei vera efsta markmið mannsins, en hún er nauðsynlega ein af hvötum þeim, sem ráða gerðum hans. Á meðan að sælan er skynseminni undirgefin, og hinn góði vilji er hæsta markmið er siðferðinu engin hætta búin, hætta getur fyrst átt sér stað þegar

sælan er gerð að því sem hún á ekki að vera, efsta markmiði mannsins.

Til að uppfylla siðalögmálið verður maðurinn að bera lotningu fyrir því. Siðalögmálið á að vera hverjum manni heilagt, og manndóms hugsjónin á að vera heilög. Þess vegna má alt nema maðurinn notast sem meðal til að ná einhverjum góðum tilgangi, hann má aldrei notast sem meðal. Hver einstaklingur útaf fyrir sig á að hafa þann tilgang að vera maður samkvæmt fyrirskipunum hins skynsamlega siðalögmáls, þá verður hann frjáls. Þarafleiðandi má hann aldrei notast sem verkfæri í höndum annara í hvaða tilgangi sem er.

Fullkomnun mannsins er þá í því innifalin að hann stjórnist af hinum góða vilja samkvæmt fyrir mælum siðferðislögmáls skynseminnar. En nú er maðurinn ófullkominn í eðli sínu. Þess vegna er framför nauðsynleg til fullkomunar, en sú framför, verður að vera óendanleg. Ódauðleiki sálarinnar er þess vegna nauðsynlegur fyrir fullkomnun mannsins. Fullkomnunin verður enn fremur að vera grundvölluð í eðli tilverunnar, sem þýðir að þessi heimur verður að hafa einhverja orsök er felur siðferðislögmálið í sér. Þar sem nú siðferðislögmálið er í skynseminni og óhugsanlegt án hennar verður orsök heimsins að vera skynsemi gædd vera, með öðrum orðum, guð. Trúin á guð er þá alveg nauðsynleg frá siðferðislegu sjónarmiði, vegna þess að hún í raun og veru liggur fyrir utan starfsvið hennar.

Þetta er þá siðfræði Kants. Aðalatriðin í henni eru þessi: Að leggja allar girndir og tilhneigingar undir stjórn viljans, sem á að hafa skynsemina fyrir leiðarvísir; að til séu óbyggjandi siðferðislög, sem hljóti að miða til þess að velferð allra sé borgið þegar að þeim er fylgt; að þessi lög séu fyrirfram ákveðin í skynseminni og séu að engu leyti undir sælu—og vansælu tilfinningu komin; að viljinn að breyta samkvæmt þessum skynsemis lögum sé það bezta sem til er í heiminum, og að framkvæmd hans þýði fullkomnun mannsins. En þrent er nauðsynlegt til að maðurinn geti fullkomnast: frelsi, ódauðleiki sálarinnar og trúinn á guð. Frelsið er í því innifalið að breyta samkvæmt skynseminni og vera laus við yfirráð allra girnda; ódauðleiki

sálarinnar er nauðsynlegur vegna þess, að í þessu lífi getur maðurinn ekki náð fullkomnun þeirri, sem hann samkvæmt siðferðislögmálinu á að ná; og trúin á guð er óhjákvæmileg afleiðing af viðurkenningu síðalögmálsins. Allar nauðsynlegar ályktanir hinnar nytsömu skynsemi eru þess vegna sannar, en þó ekki á sama hátt og ályktanir hinnar hreinu skynsemi. Hvor um sig hefir sitt ákveðna starfsvið, og á milli þeirra á engin mótsögn sér stað, þó niðurstöðurnar, sem báðar komast að séu ekki hinar sömu.

Þegar meta skal gildi Kants sem heimspekings verður fyrst og fremst að gæta þess að hann er höfundur nýrrar aðferðar. Fyrir hans daga var hin dogmatíska aðferð ráðandi í heimspekinni. Hann sýndi fram á að þessi aðferð leiddi aldrei til neins sannleika, sem gæti staðist vísindalega gagnrýni. Til að finna sannleik, sem þolir rannsókn er nauðsynlegt að rannsaka fyrst af öllu þekkingarmöguleika mannsins. Hann lýsir mannlegri skynsemi og starfsviði hennar. Þekkinguna takmarkar hann við starfsvið skynseminnar; um það sem er þar fyrir utan vitum vér ekki neitt; hugmyndirnar, sem vér gerum oss um það eru trú en ekki þekking. Þetta var gagnstætt hinni eldri heimspeki, sem mældi sannleiksgildi hugmyndanna á aðra mælikvarða, mælikvarða, sem oft á tíðum lágu engu nær mannlegri skynsemi en það, sem þeir áttu að sýna að væri sannleikur.

Þá skoðun Kants, að heimurinn, einsog hann er sé heimur sá, sem skynsemin býr til er erfitt að hrekja. Það er, einsog hann benti á, mesta fjarstæða að ímynda sér að allir þessir hlutir, sem vér skynjum séu í sjálfu sér það sem þeir eru í skynjuninni. Ljós og hljóð verða fyrst til í auga mannsins. Heimurinn, sem vér lifum í og þekkjum er að hálfu leyti gjörður af þeim eiginleikum, sem aðeins eru til í sálarlífi voru og skynsemi, þekkingin er takmörkuð þrátt fyrir öll vor vísindi. Það er alstaðar hægt að komast út fyrir hana, og fyrir utan hana er þetta eitthvað, sem enginn veit hvað er. Að staðhæfa nokkuð um það er þýðingarlaust, því allar slíkar staðhæfingar eru ósannanlegar, en að hafa skoðanir því viðvíkjandi er ekki þýðingarlaust, Tilgangur Kants var að sýna fram á takmörk skynsem-

innar og þekkingarinnar. Hann varð nauðsynlega að efast um margt, sem menn höfðu áður álitid óskeikult, og hann lætur mörgum spurningum ósvarað. Ef vér hugsum um sömu efni og hann verðum vér nauðsynlega að gera hið sama; vér verðum að efast og vér megum ekki búast við að skynsemin leysi úr öllu með óyggjandi vissu.

En þó Kant hafi rétt fyrir sér í því að uppspretta allrar þekkingar sé í skynseminni sjálfri og innan hennar starfsviðs er samt ekki hægt að aðhyllast allar skoðanir hans skynseminni viðvikjandi. Hann lætur hana vera útbúna með of mörgum eiginleikum, sem efalaust stafar af því að rökfræðin stóð honum miklu nær en hin vísindalega sálarfræði. Í raun og veru er mjög erfitt að gera sér grein fyrir að nokkur ákveðinn eiginleiki geti verið til í skynseminni áður en hún hefir fengið nokkurt efni utan að, vegna þess að þetta utan að fengna efni myndar tilveru skilyrði eiginleikanna. Tími og rúm eru áreiðanlega ekki til utan skynseminnar, en þau geta heldur ekki verið til í henni fyr en að hún hefir meðvitund um eitthvað sem er í tíma eða rúmi. Það verða þau þó að vera séu skoðanir Kants réttar. Rúmið samanstendur af rúmunum, smáum og stórum, sem verða til við það að skynsemin skynjar stærð hlutanna; vér þekkjum ekki neitt annað rúm. Alveg hið sama má segja um tímann. Það er þess vegna ekki hægt að fallast á alt sem Kant segir í "Gagnrýni hinnar hreinu skynsemin", en á aðalatriðið, nefnilega það, að allar sannreyndir séu bæði innan að og utan að, að vér vitum ekkert annað um heiminn en það sem skynsemin vor samkvæmt sínum eigin lögum getur sagt oss um hann; og að skynsemin ekki einungis taki á móti áhrifum, heldur einnig skapi hinn virkilega heim að nokkru leyti,

Því hefir oft verið haldið fram að Kant halði fram skoðunum í "Gagnrýni hinnar nytsömu skynsemin," sem ekki séu í samræmi við sumar hinar fyrri skoðanir hans. En þess ber að gæta að Kant er hér að tala um aðra hlið hins andlega lífs, viljann, en ekki skynsemina. Og hann heldur fram að í mannlífinu eigi viljinn altaf að sitja í fyrirrúmi fyrir hinni hreinu skynsemin. Þess vegna er jafnvel ekki nauðsynlegt að skoðanirnar séu í

nákvæmu samræmi í báðum þessum bókum. Vafalaust hefir Kant sagt sannfæringu sína í báðum; hann var ekki maður, sem hægt er að trúna um að hafi sagt nokkuð annað en sannfæringu sína.

En eru þá allar siðferðis hugmyndir Kants réttar? Er viljinn og siðferðið eins fjarskylt skynseminni og þekkingunni og Kant virðist ætla? Það má fyrst benda á, að það er alls ekki eins auðvelt að prófa hvort einhver siðferðisregla geti orðið að almennum siðferðislögum og Kant heldur fram. Aðferð hans gæti dugað ef allir menn stæðu á jöfnu þroskastigi hvað siðferði snertir, en eins og mennirnir eru er hún alls ekki einhlít til þess að gefa lög er séu alment bindandi. Alstaðar og ávalt reka menn sig á að engin lög eru til, sem hafa altaf og undir öllum kringumstæðum sama gildi. Og, í öðru lagi, er ómögulegt að útrýma tilhneigingunum alveg úr siðalögmálinu. Hversu óeigingjarn sem vilji mannsins kann að verða loðir samt altaf eitthvað af tilhneigingunum við hann; menn geta ekki viljað þvert ofan í tilhneigingar sínar. Siðferðisframsörin verður að vera í því innifalin að tilhneigingarnar verði óeigingjarnari og göfgist. Siðferðislögmálið er ekki eins rótgróið í skynseminni og Kant heldur, það stendur í miklu nánara sambandi við samlíf manna og félagsleg sambönd þeirra heldur en vitsmuni og vísindalega þekkingu. Vér getum hiklaust viðurkennt að ekkert sé gott í heiminum nema hinn góði vilji, en að til sé æfinlega óskeikull leiðarvísir fyrir hinn góða vilja, að honum þurfi aldrei að skjáltast er erfitt að sjá. En viljinn er góður, þó honum skjátlist, ef hann, eins og Kant vill, reynir að leita hinna hæstu gæða, gerir dygðina, sem er í því innifalin að breyta þannig, að maður vildi að allir aðrir breyttu á sama hátt gagnvart manni sjálfum að markmiði sínu. Siðferðisþroskun miðar Kant við einstaklinginn, og segir, að til þess að hún geti átt sér stað verði sál mannsins að vera ódauðleg. Auðvitað er þetta engin sönnun fyrir ódauðleika sálarinnar, enda verður hann ekki sannaður með skynseminni, segir Kant. En hvornig sem þessi skoðun er tekin er hún röng: Í fyrsta lagi er áfram haldandi siðferðisþroski í hverjum einstakling út af fyrir sig ekki til, heldur

í mannkyninu sem heild. Í öðru lagi er siðferðis bundið við þetta líf og það ástand sem því fylgir. Hvort að siðferðislög þau, sem hér eru góð og gild væru það einnig í einhverju öðru lífi væri alt undir eðli sálarinnar og ástandi því, sem hún þar væri í komið.

Guðshugmynd Kants er afleiðing af siðferðishugmyndum hans og trúarbrögðin eru frá hans sjónarmiði sama og siðferðið. Kant hefir hér á alveg réttu að standa. Trúarskoðanirnar eru þýðingarlausar nema þær hafi eitthvert gildi fyrir lífið sjálft, hafi áhrif á hugarfar manna og lífsbreytni þeirra. Aðeins þær trúarskoðanir, sem eiga rætur sínar að rekja til lífsins sjálfs, sem vaxa upp af viðleitni mannsins til betra og göfugra lífs geta haft og hafa sanna þýðingu. Þær mega ekki vera réttir þekkingu gagnstæðar, en þær þurfa þrátt fyrir það ekki að sannast eins og vísindalegar sannreyndir; þær eru hugsjónir, og að fara með þær eins og reikningsdæmi er að misskilja eðli þeirra. Kant hafði þessa skoðun á trúarbrögðunum, og þess vegna talar hann um trúna sem afleiðingar siðferðishugsjónanna.

Þegar Kant dó átti hann marga áhangendur á Þýzkalandi. Trægastur þeirra var Jóhann Gottlieb Fichte. Hann lagði hugmynd Kants um sjálfsmeðvitund skynseminnar til grundvallar fyrir heimspeki sinni, og komst að þeirri niðurstöðu að í insta eðli sínu væri alheimurinn ein samfeld skynsemi, sem hann nefndi hið takmarkalaus *ég*. Með honum byrjaði Þýzka hugspekin, sem komst á sitt hæsta stig í heimspeki Hegels snemma á níttjándu öldinni. Hugspeki þessi hvarf að mestu leyti frá hinni gagnrýnandi aðferð Kants og líktist á endanum stefnu þeirri, sem hann hafði barist á móti. Um miðja níttjándu öldina tóku menn að snúast á móti heimspekinni á Þýzkalandi og fóru að leggja alla áherzlu á náttúruvísindin. En nú um síðastliðin tuttugu ár hefir áhuginn fyrir heimspekinni vaknað aftur þar sem annar staðar. Og nú er það heimspekisstefna Kants, sem má segja að sé ráðandi þar. Fjöldi manna nefna sig fylgjendur spekingsins frá Königsberg. Fylgjendur hans skiftast aðallega í tvo flokka. Í öðrum flokknum eru prófessorarnir Cohen og Natorp í Marburg fremstir, en í hinum prófessor Riehl

í Berlín og fleiri. Þessum flokkum kemur ekki saman um hvernig skilja beri skoðanir Kants, en þeim kemur saman um, að nú eftir meira en hundrað ár sé hann hinn bezti leiðtogi í heimi andans og frumherji hinnar vísindalegu heimspekisstefnu nútímans.

---

## TRÚARBRÖGÐ FRAMTÍÐARINNAR

---

EFTIR CHARLES. W. ELIOT

---

Þér hafið sem nemendur í þessum sumar-guðfræðisskóla hlýtt á fyrirlestra um hreyfingar í trúarefnum, um hinar algengu trúarlegu afturfarir, er hafa afturhvarf eða endurnýjungu í för með sér bæði utan kyrknanna og innan, um tíðar tilraunir að koma viðteknum trúarskoðunum í samræmi við nýjar stefnur í andans heimi, um hina þrotlausu baráttu á milli afturhalds og frjálslyndis í kyrkjunum og hugsjónastefna og efnistrúar í samfélaginu yfirleitt, um áhrif lýðmentunar og rannsókna. anda nútímans á trúarskoðanirnar og kyrkjustofnanirnar, um hinar breyttu skoðanir hugsandi manna viðvíkjandi eðli heimsins og mannsins, um aukna þekkingu og áhrif hennar á trúarbrögðin og um hinar nýju guðshugmyndir. Þér hafið einnig hlýtt á fyrirlestra um sálhjúkrun, endurvakning eldgamallar tilhneigingar að blanda saman trú, og læknisfræði, og um framþróunarkenn- inguna, nútíðar vísindalega kenningu, sem á fimtíu árum hefir alvarlega breytt trúarhugmyndum og eftirvæntingum margra hugsandi manna. Þér hafið einnig heyrt hvernig nýjar hug- myndir um lýðstjórn og félagslega framför hafa breytt og ættu

---

Fyrirlestur þessi var fluttur við enda hins 11 kennslutímabils sumar-guð- fræðisskóla Harvard-háskólans, 22 Júlí, 1909

að breyta, ekki aðeins hinu verulega starfi kyrknanna, heldur einnig öllum skilningi viðvíkjandi ætlunarverki þeirra. Ennfremur hafið þér heyrt hversu þýðingarmiklar ályktanir nútíðar heimspekinnar trúarbrögðunum viðvíkjandi eru. Athygli yðar hefir verið leitt að nýjustu skoðunum um viðhald afslins í alheiminum, að hinum merkilega krafti hins nýfundna radíums, og að hinum síðustu útskýringum á ódeili, efniseining, efni sundurleystu með rafmagni og rafmagnsfrumögnum—hugtökum mannglegrar skynsemi, sem eiga mikið skylt við nútíðarhugmyndir um efni og sál. Áhrif vísindalegrar þekkingar í sambandi við Nýjtestamentið á almenningstrúna hefir einnig vakið eftirtekt yðar, og, að síðustu, hafið þér heyrt útlistun trúarbragðalegs ástands og siða í Bandaríkjunum, þar sem gert var ráð fyrir nánu sambandi á milli framfarar menningarinnar og samtíða einkenna trúarbragðanna, og nytsemi þeirra—sérstaklega kristindómsins—fyrir menningarframförina, með stuðningi einstaklings frelsisins, andlegrar menningar og félagslegs samstarfs, var sögulega útskýrð.

Þetta yfirgrípsmikla yfirlit hlýtur að hafa skilið eftir hjá yður þá hugsun að trúarbrögðin eru ekki eitthvað, sem stendur í stað, heldur nokkuð, sem er breytingum háð. Það er þess vegna í alla staði eðlilegt og við því að búast, að skilningur upplýsts fólks á trúarbrögðunum breytist öld frá öld. Rannsóknir nútímans í samanburðar trúfræði og sögu trúbragðanna sanna að svo hefir verið á liðnum öldum. Níttjándi öldin skarar langt fram úr öllum fyrri öldum í því að auka þekkingu og útbreiða anda vísindalegrar rannsóknar og þrá eftir sannleiks leit. Af því stafa breytingarnar í trúarskoðunum, venjum og sambandi kyrkjunnar við samfélagið í heild sinni, er voru miklu dýpri og víðtækari á þeirri öld en nokkru sinni fyr í sögn mannkynsins; og tilraunir þær, sem gerðar voru til að framkvæma í breytni manna kenningar hinna mestu trúarleiðtoga voru þýðingarmeiri og tíðari en nokkru sinni áður. Trú fjölda fólks má þess vegna nú á tuttugustu öld, án þess að of djúpt sé tekið í árinna, kallast “ný trú”. Ekki þannig, að einhver ein kenning eða siður sé í raun og veru nýr, heldur þannig, að



viðtekning, og framkvæmd sanninda, er voru áður vel þekt á mörgum stöðum og tímum, en sem fjöldinn aldrei tileinkaði sér eða gerði verulega að starfandi affi, er ný. Eg skal leitast við að skýra frá hiklaust og á sem einfaldastan hátt, í fyrsta lagi, hvað trúarbrögð framtíðarinnar verða að líkindum ekki, og í öðru lagi, hvað búast má við að þau sennilega verði. Sjónarmið mitt er sjónarmið amerískis leikmanns, sem hefir hugsað og veitt blutunum eftirtekt um hið ávanalega langa tímabil síðan Darwins "Voyage og the Beagle"\* kom út, skurðlækningasvæfingar og ritsíminn voru tekin til nota, Herbert Spencer gaf út fyrstu ritgerðir sínar um framþróunina, Kuenen, Robertson Smith og Wellhausen\*\* fullkomnuðu og vörðu biblíu rannsóknirnar. J.S. Mills "Grundvallararriði þjóðmegunarfræðinnar" birtist og stuð Bandaríkjanra við Mexiko setti af stað öfl, sem afnámu þrælahald í Ameríku—tímabil er vélaaf útbreiddist víða með sprengivélinni og notkun rafmagnsins, og allar hinar stærri atvinnugreinar mannkynsins hafa verið auknar og endurbættar.

(1) Trúarbrögð framtíðarinnar verða hvorki bygd á andlegu né veraldlegu valdi. Afturför fakmarkalauss valds er eitt af þýðingarmestu einkennum nútímans. Þessa afturför má sjá alstaðar, í stjórn, í mentamálum, í kyrkjunni, í verzlun og í heimilislífina. Hín núlifandi kynslóð er viljug meira að segja æskir oft eftir að láta leiða sig; en hún er andstæð því að vera rekin, og hún vill skilja ástæður og rétt valdböðsins. Yfirleitt hafa kristnu kyrkjurnar, rómverska, gríska og mótmælenda hingað til reitt sig að mestu á meginreglu valdsins. Siðabótin setti valdbjódandi bók í staðinn fyrir valdbjódandi kyrkju, en það er augsnýlegt, að bæði vald hinna ströngustu kyrkna og biblíunnar sem bókstaflega inublásins leiðarvísir er í mikilli hættu, og að tilhneigingin til tilrjálslyndis er áframhaldandi og ómótstæðileg á meðal mentaðra manna.

(2) Það er varla nauðsynlegt að taka fram að í trúarbrögðum framtíðarinnar verða engin náttúruöfl, eins og ljós, eldur, kuldi, stormur og jarðskjálfti íklædd persónugervi, þó að trúar-

\*1831-36 ferðaðist Darwin með skipinu "Beagle" til Suður-Ameríku og safnaði á því ferðalagi afar mikilli vísindafekkingu.

\*\*Allir nafnkendir fræðimenn, og talsmenn hærri krítíkarinnar.—Þýð.

brögð fyrri alda og núverandi trúarbrögð lítt síðaðra og hálf-síðaðra þjóða séu full af þessháttar þesónugerviagum. Fjöllin, vindarnir, eldfjöllin og höfin verða ekki lengur bústaðir vel—eða illviljaðra guða; þó maðurinn haldi áfram að horfa til fjallanna eftir hvíld, sjái í hafinu ímynd hins óendanlega og finni hressing og yndi í skógum og ám. Ástin á náttúrinni svífur hærra og lengra á meðan trúin á álfa, þúka, dísir, djöfla og engla hverfur og deyr.

(3) Í trúarbrögðum framtíðarinnar verður engin opinber eða leynd tilbeiðsla dauðra forfeðra, kennara eða stjórnara: engir flokka, þjóða eða verndarguðir; enginn samleikur nokkurs manns, hversu göfugur sem hann er, við hinn eilífa guddóm. Að þessu leyti verða trúarbrögð framtíðarinnar í raun og veru ekki ný, því Jesús sagði fyrir níttján öldum síðan: “Hvorki á þessu fjalli né í Jerúsalem skuluð þér tilbiðja föðurinn—Guð er andi, og þeir, sem tilbiðja hann eiga að tilbiðja hann í anda og sannleika”. Þess ber samt að gæta, í fyrsta lagi, að kristindómurinn varð brátt fyrir miklum áhrifum frá heiðindóminum umhverfis hann, og að sum þessi áhrif hafa varað alt til þessa dags, og í öðru lagi, að hebresku trúarbrögðin, sem hafa haft og hafa mjög ákveðin áhrif á þau kristnu, voru fyrst og fremst þjóðleg trúarbrögð; og hið “allra helgasta” í þeim var staðlegt. Á ófriðartímum þegar hinar grimmu og villimannlegu tilhneigingar, sem ennþá loða við mennina, verða ofan á um stundar sakir, og velviljinn er takmarkaður við þá er sömu þjóð tilheyra, koma leyfar flokkslegra og þjóðlegra einkenna í kyrkju-kristindóminum mjög vel í ljós. Hjálp drottins herskaranna er ennþá ákölluð af báðum hliðum í ófriði á milli þjóða, og hvor hliðin lofar hann og þakkar honum fyrir unninn sigur. Samskonar hugsunarháttur hefir oft sýnt sig í borgaralegum stríðum, er hafa orsakast af trúarágreiðingum. “Dýrð sé drottni herskaranna, er gefur alla dýrð, og dýrð vorum hæsta herra, Hinrik konungi frá Navarre!” Það eru ekki mörg ár síðan að erkibiskupinn af Kantaraborg lét flytja fram þakkir í öllum kyrkjum umdæmis síns fyrir að drottinn herskaranna hefði verið í herbúðum Englendinga á móti Egíptum. Hingað til hafa hin stærstu trúar-

brögð heimsins gefið vonir um bein afskipti guðs, eða einhvers sérstaks guðs til hjálpar hinum trúu dýrkendum. Hinn mesti af spamönnum Gyðinga sagði Hiskía konungi að Assýríukonungur, sem hafði nálgast Jerúsalem með mikinn her, skyldi ekki koma inn í borgina nó skjóta ör þar, og sagði að drottinn hefði sagt: "Eg vil vernda þessa borg til þess að vernda hana mín vegna og vegna Davíðs, þjóns míns. Þá fór engill Jahve og laust hundrað áttatíu og fimm þúsundir manns í herbúðum Assýringa; og er menn risu morguninn eftir, sjá, þá voru þeir liðin lík." Hin nýja trú getur ekki heitið þjóðum eða einstaklingum þesskonar hjálp í hættum.

(4) Í trúarbrögðum framtíðarinnar mun aðaltilgangurinn ekki verða velferð og frelsun einstaklingsins í þessum eða nokkrum öðrum heimi. Þeirrar frelsunar, velferðar eða sáluhjálpar verður máske meðfram leitað, en hún verður aldrei aðaltilgangurinn. Hinn trúaði maður mun ekki hugsa um sína eigin velferð og tryggingu, heldur um þjónustuna til annara og hluttöku í hinni almennu velferð. Hin nýja trú mun ekki kenna að hugarfar mannsins breytist alt í einu, hvorki í þessum heimi né öðrum, þó að óvænt tækifæri til betrunar geti komið fyrir hvar sem er, og tíminn, sem það kemur á geti orðið dýrmæt endurminning. Hin nýja trú mun ekki reiða sig á skjótt afturhvarf í þessu lífi né undirbúningslaust sæluástand í því næsta, eftir nautnafult, eigingjarnt eða óheiðarlegt líf. Hún mun kenna að iðrun afmáir ekkert sem orðið er, og er aðeins fyrsta sporið til betrunar, merki betri framtíðar.


(5) Í trúarbrögðum framtíðarinnar verður ekki blifðkun, fórnfæring né friðþæging. Á lægstu stigum mannlífsins var hræðslan við æðri krafta, eins og þeir virtust koma í ljós í hinum óttalegu náttúruöflum, undirrrót trúarinnar. Þessa hræðilegu krafta varð að blifðka og friða og það með fórnfæringum í bókstaflegasta skilningi; og fyrir hin ímynduðu afbrot mannsins varð að friðþægja með þjáningum, sem vanalega voru bornar af öðrum en syndaranum. Jafnvel Hebrearnir færðu mannafornir kynslóð eftir kynslóð, og mikill hluti guðsþjónustu þeirra var altaf innifalin í fórnfæringu dýra, Kristna kyrkjan steig stórt

spor áfram er hún lét reykelsisbrenslu koma í stað brenslu nauta og dúfna; en ennþá lifir, ekki aðeins í kenningum, heldur einnig í síðum kristnu kyrkjunar grundvallarhugmynd friðþægingar fórnarinnar. Það verður stórkostleg framför ef kristindómur tuttugustu aldarinnar verður hreinsaður af öllum þessum leyfum villmannglegra og óupplýstra trúarskodanna, vegna þess að þær bera vott um svo lága guðshugmynd.

(6) Trúarbrögð framtíðarinnar munu ekki viðhalda hinum hebresku jarðbundnu skodunum á guði, skodunum sem að mestu leyti voru teknar inn í kyrkjukristnina. Samkvæmt þeim verður guð ekki stór og dýrðlegur maður er gengur "í aldingarðinum í kveldsvalanum", eða dómari, sem sker úr deilum manna, eða konungur eða keisari, sem stjórnar þegnum sínum samkvæmt eigin vilja, eða ættfaðirinn, sem fyr á öldum réði yfir fjölskyldunni með ótakmörkuðu valdi. Þessar mannlegu framkvæmdir munu hætta að gefa fullnægjandi hugmyndir um eiginleika guðs. Nítjándi öldin hefir gert allar þessar hugmyndir um guddóminn fornfálegar og grófar.

(7) Trúarbrögð framtíðarinnar verða ekki drungaleg, meinþetafull eða formælandi. Þau munu ekki snúast um sorg og dauða, heldar gleði og líf. Í þeim verður ekki eins mikið reynt að útskýra hið illa og ljóta í heiminum og hið góða og fagra. Í þeim verður engin trú á ill öfl, hvorki á Satan eða á norrni, hvorki á hið bölpungna augnaráð eða á illviljandi mublástur. Þegar lærisveinn þeirra mætir einhverju röngu og illu, þá mun hann finna hvöt hjá sér til að finna uppruna þess, uppsprettu eða orsök, til þess að geta veitt því atfór á byrjunarstigi þess. Hann brýtur máske ekki heilann um upphaf hins illa í heild sinni, en hann mun vissulega reyna að útrýma því illa og ranga í sérstökum myndum, sem hann hefir orðið var við.

*(Framhald)*



## HVAÐ VITUM VÉR UM JESÚS ?

EFTIR MINOT J. SAVAGE

(Útdráttur úr ritgerð í ritgerðasafni, sem höf. nefnir "Frá Nazaret—Out of Nazareth".)

Í fyrsta lagi, hversu mikið vitum vér um Jesús? Ég, auðvitað, tala frá sjónarmiði minnar eigin sannfæringar. Eg trúi að Jesús hafi fæðst í Nazaret hérumbil fjórum árum fyrir árið eitt samkvæmt voru tímatali og hafi verið elsti sonur Jósefs og Maríu.\* Vér vitum að hann átti bræður og systur, vegna þess að það er oft minst á þau í ritum Nýjatestamentisins.

Hvað vitum vér um bernsku hans? Ekkert með vissu; og þó, vér getum dregið ályktanir frá því hvað hann er og hvað hann talar fyrst er hann kemur opinberlega fram hvers konar mentun hann hlýtur að hafa fengið, og hver reynsla hans hlýtur að hafa verið. Hann fékk hina vanalegu mentun gyðingadrengja; og vér vitum að hann var bráðþroska og gáfaðri og skarpari en vanalegt er. Vér sjáum votta fyrir þessu í sögunni, sem er sögð af fyrstu komu hans til musterisins með föður sínum og móðir, þegar hann var tólf ára gamall, er hinir lærðu menn, lögvitringar og lærimeistarar undruðust spurningar hans og svör.

Vér vitum einnig að honum, eins og flestum gyðingabörnum á þeim tímum, var kent, handverk. Það var ein af siðferðis- meginreglum Gyðinga að hver drengur skyldi læra handverk. Talmúdin segir oss, að faðir, sem elur son sinn upp án þess að kenna honum handverk, ali hann upp til að verða að þjóf. Hann vann með föður sínum sem trésmiður. Vér vitum, vegna

\*Sögulegar rannsóknir hafa leitt í ljós að Jesús hlýtur að hafa fæðst 4 árum áður en tímatal vort hefist, og að hann fæddist í Nazaret en ekki í Betlehem.

Þess að það kemur í ljós í hugsunum og tilfinningum síðari ára, að hann hlýtur að hafa virt fyrir sér kaupmannalestirnar á leið þeirra frá Vesturlöndum, frá Róm, frá Egiptalandi, frá Grikklandi, til Damaskus og hinna fjarlægari Austurlanda; og að umfangsmeiri hugsanir vöknðu þannig í huga unglingsins, starri hugmyndir um mannlegt eðli og mannlegt líf en þær, sem hann átti að venjast á meðal fólks síns.

Hann drakk í sig vizku spámannanna og Gamlatestamentisritanna. Þegar hann er þrjátíu ára gamall—um árið 26—kemur hann fram og lætur skífrast af Jóhannesi, og eftir dauða Jóhannesar tekur hann upp starf hans.

Hið opinbera líf hans—hvað langt var það? Eftir því sem Markús, Matteus og Lúkas segja frá var það lítið eitt skemra en tvö ár. Samkvæmt sögunni í Jóhannesar guðspalli var það nokkuð yfir þrjú ár. Vér vitum það þó ekki með vissu. Það var mjög stutt. Þennan tíma ferðaðist hann um og kendi, á vatnsströndinni og meðfram veginum, á ökrunum í Galíleu og í Jerúsalem. Og hann talaði með svo mikilli hreinskilni, með svo miklu valdi og með svo mikilli einbeittni að hann skyldi eftir áhrif í heiminum, sem ekki er að finna í lífi nokkurs annars manns.

Hann var hógvær, hann var einlægur, hann bar traust til föðursins, og samhug til manna. Hann lifði lífi, sem hefir breytt útliti heimsins. Hann varð uppspretta nýrrar trúar—trúar, sem hefir haft meiri áhrif á menningu heimsins en nokkur önnur. Það eru til önnur trúarbrögð, að minsta kosri ein, sem hafa fleiri fylgjendur, en það hefir viljað svo til, að hans trúarbrögð hafa orðið samfara framförum menningarinnar, og hafa þessvegna skilið eftir ummerki sín á þeim hluta mannkynsins, sem horfir mest fram á við og hefir gert mest til að breyta útliti heimsins.

Hann dó—hvernig? Hann var tekinn af lífi á hinn eðli-legasta hátt. Hann komst í mótstöðu við kyrkjulegt þröngsýni og hleypidóma sinnar tíðar, og það varð honum að fjörtjóni,

eins og trúarþröngsýni og hleyðidómar hafa orðið mörgum öðrum að fjörtjóni í veraldarsögunni. Hann dó sem píslavottur og hvarf inn í höð óendanlega til þess frá þeim degi að dvelja með sínum föður og vorum föður, með sínum guði og vorum guði.

---

## SMÁVEGIS

---

Ef það er ekki rétt, þá ger það eigi, ef það er ekki satt þá tala það eigi. Haltu æfinlega hiklaust fram ákvörðunum þínum og tilgangi og vertu laus við alt ófrelsi og nauðsyn.

Lát eilengur dragast að skilja, að í sjálfum þér er eitthvað betra og guðdómlegra en ástríður þínar, girndir og tilhneiningar. Hvað er það sem nú býr í huga mínum? Er það ótti, eða grunsemd, eða girnd, eða nokkuð þess háttar? Að gera ekkert vanhugsað og tilgangslaust, lát það vera aðal áhyggju þína. Þar næst, að hafa engan annan tilgang en hina almennu velferð. Því eftir stutta stund verður þú ekki lengur hér; og ekki munu heldur þessir hlutir, sem þú sérð, né þessir menn sem þú lifir með verða til. Því allir hlutir verða, eðli sínu samkvæmt, að breytast og hverfa til þess að annað geti komið í þeirra stað.—*Mark Aurelius*.

Maður nokkur spurði örninn: Hvers vegna elur þú upp unga þína svo hátt upp í loftinu?

Örninn svaraði: mundu þeir voga sér svo nálægt sólunni ef þeir ælust upp niðri á jörðinni?

Vertu ekki svona drambsamur á flugi þínu sagði refurinn við örninn. Þú flýgur þess vegna svo hátt, að þú eigir hægra með að finna æti.

Eg þekki menn, sem hafa orðið djúpvitirir spekingar, ekki af sannleiksást, heldur af löngun til að ná í feit embætti.

Hrafninn hafði tekið eftir því að örninn lá þrjátíu daga á eggjum sínum. Þar af stafar það efalaust, sagði hann, að arnarungarnir eru strax alsjáandi og svo sterkir. Gott og vel, ég skal líka gera það.

Síðan lá hrafninn fulla þrjátíu daga á eggjum sínum, en þó kom ekkert úr þeim annað en ljótir hrafnungar.

*Úr dæmisögum Lessings*



THE ANDERSON CO., PRINTERS

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUFUND:

Rögnv. Pétursson

Hannes Pétursson

G. J. Goodmundson

Guðm. Arnason

Friðrik Sveinsson

Gísli Jónsson